

REIKNINGUR

Kjarnfóðursjóðs 1985.

Rekstursreikningur.

Tekjur:

	kr.	kr.
Álagt kjarnfóðurgjald	193 507 555,00	
Frá dregst:		
– Niðurf. v/alifugla-/svínafóður	63 461 971,00	
– Niðurf. v/loðdýra-/smáfuglafóðurs	139 450,00	
– Niðurf. v/birgða 31. desember 1984	10 173 296,00	
– Niðurf. v/birgða 1. júlí 1985	18 648 278,00	
– 2% afsláttur v/rýrnunar	3 870 152,00	
– Niðurf. v/skemmda	434 776,00	
Kjarnfóðurgjald til innheimtu		96 779 632,00
Vaxtatekjur		19 384 752,13
Gjöld umfram tekjur		32 283 004,88
	Samtals:	148 447 389,01

Gjöld:

	kr.
Endurgr. til mjólkurframleiðenda	26 017 310,00
Endurgr. til nautgripakjötsframleiðenda	9 780 648,00
Greiðslur vegna ungfáslátrunar	6 210 000,00
Framlag til jógurbólgurannsókna	500 000,00
Framlag til ófrjósemirannsókna á kúm	170 000,00
Endurgr. til kindakjötsframleiðenda	20 892 444,00
Greiðslur vegna verðlækkunar kindakjöts	12 000 000,00
Greiðslur vegna alifuglaframleiðslu	11 455 269,00
Framlag vegna alifuglaveikivarna	250 000,00
Framlag til hrossabænda v/reiðhallar	2 000 000,00
Niðurgreiðsla á áburði	56 233 631,00
Byggingarstyrkur til Rannsóknast. landbúnaðarins	2 000 000,00
Kostnaður við innheimtu og ráðstöfun kjarnfóðurgjalds	873 503,01
Stimpilgjöld og kostnaður v/víxla og verðbréfa	64 584,00
	Samtals:
	148 447 389,01

Efnahagsreikningur 31. desember 1985.

Eignir:

	kr.
Sparisjóðsbók	13 138 855,56
Hlaupareikningur	4 229 898,00
Kjarnfóðurinnflytjendur, viðskiptamannareikningur	33 879 392,00
Víxileign	16 321 652,50
Skuldabréfaeign	193 157,90
Lán til Sambands eggjaframleiðenda	8 400 000,00
	Samtals:
	76 162 955,96

Skuldir og höfuðstóll:		kr.
Óuppgert við Ríkisféhirði		3 644 038,78
Óuppgerðar endurgr. til mjólkurframleiðenda		926 146,00
Aðrar skuldir		36 382,00
Höfuðstóll 31. desember 1984	103 839 394,06	
– gjöld umfram tekjur 1985	–32 283 004,88	
Höfuðstóll 31. desember 1985		71 556 389,18
	Samtals:	<u>76 162 955,96</u>

Reykjavík, 10. apríl 1986.
Framleiðsluráð landbúnaðarins,

Ómar S. Jónsson.

Við undirritaðir endurskoðendur Kjarnfóðursjóðs höfum borið ofangreindan reikning saman við bókhaldsniðurstöður og endurskoðað fylgiskjöl. Ekkert hefir fundist athugavert.

Reykjavík, 22. apríl 1986.

Guðmundur Sigþórsson. Sigurður J. Líndal.

Nr. 243

REGLUGERÐ

25. apríl 1986

**um breyting á reglugerð nr. 264, 31. desember 1971,
um raforkuvirki, með áorðnum breytingum.**

1. gr.

Grein 1.5.4. Skilyrði til B-löggildingar breytist og orðist þannig:

Sá sem öðlast vill B-löggildingu verður að

1. fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í 1.5.3. þó þannig, að ekki er krafist starfsreynslu við háspennuvirki, og minnkar þá krafan um starfsreynslu sem því nemur, eða
2. hafa sveinsbréf í rafvirkjun eða rafvélavirkjun og hafa lokið námi samkvæmt námsskrá fyrir væntanlega rafverktaka eða sambærilegu námi er RER tekur gilt. Rafmagnseftirlit ríkisins semur frumvarp að námsskrá að fengnum tillögum frá samtökum rafvirkja og rafverktaka og skal hún staðfest af ráðherra. Námsskrá skal við það miðuð að ljúka megi náminu á einu skólaári. Ennfremur skal aðili hafa a. m. k. fjögurra ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta.

Sveinspróf í rafvélavirkjun er því aðeins tekið gilt til löggildingar í rafvirkjun, að umsækjandi hafi að auki unnið við rafvirkjun í tvör ár.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 7. gr. laga nr. 60/1979, um Rafmagnseftirlit ríkisins, öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, er ljúka sérstöku löggildingarnámskeiði, skv. orðsendingu RER, dags. 5. febrúar 1986, skulu öðlast B-löggildingu skv. eldri ákvæðum þar um.

Sá er lokið hefur sveinsprófi í rafvirkjun eða rafvélavirkjun og hefur að loknu prófi starfað við rafvirkjun eigi skemur en fjögur ár fyrir gildistökudag reglugerðar þessarar getur öðlast B-löggildingu hafi hann lokið námi í fagtæknilegum áföngum og rekstrar- og stjórnunaráföngum námskrár fyrir rafverktaka.

Iðnaðarráðuneytið, 25. apríl 1986.

Albert Guðmundsson.

Páll Flygning.